



# Hörgársveit

# Fréttabréf

27. ágúst 2013 4. árgangur 18. tölublað

## Tilkynning vegna slæms veðurútlits

Vegna slæmrar veðurspár, sem gerir jafnvel ráð fyrir norðan stórhrið frá og með föstudeginum 30. ágúst nk. vill sveitarstjórn og fjallskilanevnd vekja athygli á að í 11. grein Fjallskilasamþykktar fyrir sveitarfélög við Eyjafjörð er meðal annars eftirfarandi ákvæði: „Frá 15. júní til 1. september eru smalanir eða annað það er ónæði veldur afréttarpeningi óheimilar, nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.“

Sveitarstjórn og fjallskilanevnd gera kunnugt að umrætt leyfi er veitt frá og með 27. ágúst 2013 fyrir allar afréttir og ógirt heimalönd í Hörgársveit. Gangnastjórar og bændur hver á sínu gangnasvæði er hvattir til að fylgjast með veðurspá og gera þær ráðstafanir sem þeir telja nauðsynlegar til að bjarga sauðfé og öðrum búsmala frá yfir vofandi illviðri, ef spá breytist ekki til hins betra.

Það er mat sveitarstjórnar og fjallskilanevndar að ekki sé hægt að koma á lögbundnum göngum með stuttum fyrirvara, því er það lagt í hendur fjáreigenda á hverjum stað hvernig skuli að þessu staðið.

**Hörgársveit**

**Sími:** 461 5474 **Fax:** 461-5475

**Netfang:** horgarsveit@horgarsveit.is

**Póstfang:** Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

**Veffang:** www.horgarsveit.is